



## Reglur um ferðakostnað starfsmanna á vegum Fjarðabyggðar

### 1. gr.

Bæjarstjóri, sviðsstjórar, slökkviliðsstjóri, tómstunda- og íþróttafulltrúi og skólastjórar grunn-, leik- og tónlistarskóla hafa umboð til að gefa út ferðaheimildir.

### 2. gr.

Skrifleg ferðaheimild frá yfirmanni ásamt ferðatílefni skal liggja fyrir áður en ferð er farin og ferðatílefni skal vera skýrt og afmarkað.

### 3. gr.

Ekki eru greiddir dagpeningar í ferðum starfsmanna á vegum Fjarðabyggðar innanlands eða erlendis. Bæjarstjóri getur veitt undanþágu sé þess talið þörf.

### 4. gr.

Fjarðabyggð greiðir ferðakostnað vegna samþykktra ferða samkvæmt reikningum hvort sem er fyrir fargjöldum, gistingu, fæðiskostnaði eða öðrum tilfallandi kostnaði sem tilheyrir ferðalögum eða dvöl starfsmanna fjarri vinnustað.

### 5. gr.

Greiðsla vegna útlagðs kostnaðar skal að öllu jöfnu ekki nema hærri fjárhæð en skilgreindum dagpeningum samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins á hverjum tíma. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef efnislegar forsendur eru til staðar. Fjármálasvið skal upplýsinga um ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

### 6. gr.

Kostnaðarreikningar greiddir beint af starfsmönnum ásamt ferðaheimild og tílefni ferðar skal afhenda bókara til skráningar á þar til gerðu eyðublaði vegna kostnaðarreikninga ásamt frumriti af öllum reikningum eða kvittunum sem liggja á bakvið ferðakostnaðinn. Árita skal hvern reikning með tílefni ferðar.

### 7. gr.

Ef flugkostnaður er greiddur með flugkorti þarf að skila staðfestingu prentaðri af netinu vegna pöntunar og með skýringu á tílefni ferðar.

### 8. gr.

Ef ferðakostnaður er greiddur með innkaupakorti þarf að skila frumriti af öllum reikningum eða kvittunum sem liggja á bakvið ferðakostnaðinn með skýringu á tílefni ferðar.

### 9. gr.

Ef ferðakostnaður er reikningsfærður verður að fylgja reikningi tílefni kaupa þjónustunnar og fyrir hvaða starfsmann þjónustan er veitt.



## 10. gr.

Ef kostnaðarreikningar eru fyrir fleiri en 1 starfsmann eða gest Fjarðabyggðar (t.d. veitingahúsareikning) skal árita nöfn allra þeirra er nutu þess sem keypt var samkvæmt reikninginum.

## 11. gr.

Fjarðabyggð greiðir alla jafna ekki reikninga vegna áfengiskaupa (bjór, létt- eða sterk vín) á ferðalögum starfsmanna.

## 12. gr.

Ef ofangreindum reglum er ekki fylgt varðandi meðferð reikninga, staðfestingu ferðaheimildar og skráð ferðatílefni kemur viðkomandi ferðakostnaður til frádráttar við næstu launagreiðslu viðkomandi starfsmanns hafi Fjarðabyggð þegar greitt ferðakostnaðinn

## 13. gr.

Um ferðalög erlendis gilda sömu reglur.

Fjarðabyggð 30. nóvember 2018

  
Karl Ottar Pétursson  
bæjarstjóri



Samþykkt í bæjarráði 19. nóvember 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 29. nóvember 2018